

✉ Umsókn JGKHO ehf. um rannsóknaleyfi vegna sjávarfallavirkjunar í Gilsfirði

Búið til	8.9.2020 10:12:34
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	8.9.2020 10:12:33
Tilheyrir	📁 202008-0010 - Umsókn JGKHO ehf. um rannsóknaleyfi vegna sjávarfallavirkjunar í Gilsfirði.

Efni

Umsókn JGKHO ehf. um rannsóknaleyfi vegna sjávarfallavirkjunar í Gilsfirði

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	8.9.2020 10:12:33	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	os@os.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202008-0011 (SBR, KHS, TB)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun dags. 11. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn JGKHO ehf. um rannsóknaleyfi vegna sjávarfallavirkjunar í Gilsfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda umsókn. Í umsókninni kemur fram að ekki verði ráðist í neinar rannsóknir sem eru líklegar til að hafa áhrif á náttúru svæðisins s.s. gerð nýrra vegslóða. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að framangreindur virkjunarkostur hafi verið metinn skv. lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og telur því að leyfisveitingar vegna orkurannsóknar vegna virkjunarkostsins eigi að vera í samræmi við 4. mgr. 5. gr. þeirra laga þ.e. að fara eigi með þennan virkjunarkost eins og virkjunarkosti í biðflokki.

Ætlunin er að kanna möguleika á sjávarfallavirkjun þar sem virkja á sjávarföllin eins og þau voru fyrir stíflun fjarðarins. Í erindinu kemur fram að meta eigi jákvæð og neikvæð umhverfisáhrif virkjunar, breytingar á rennsli undir brú vegarins sem nú tengir Gilsfjarðarlón við sjó, möguleika á endurheimt leira og áhrif sem þessir og aðrir þættir geti haft á fiskgegnd, fuglalíf, seltu og hitastig sjávar í lóninu o.fl. Af þessum punkti má draga þá ályktun að leggja eigi áherslu á að skoða áhrifin á fjörur í lóninu. Rannsóknasvæðið utan fyllingar er dregið frá suðurbrúarenda í Króksfjarðarnesenda en ætti að vera mun víðáttumeira og ná til línu sem dregin væri u.þ.b. úr ystu Króksfjarðarneseyjum suður fyrir Tjaldanes enda voru áhrif fyllingar á sínum tíma langt út fyrir brú með breyttum sjávarföllum. Skoða þarf því umhverfisáhrif sjávarfallavirkjunar fyrir utan brú á allar fjöruvistgerðir á áhrifasvæðinu t.d. klóþangsklungur sem er fjörugerð sem mikilvægt er að vernda. Á Sölvatanga er m.a. að finna kræklinga- og sölváseyrar sem eru sjaldgæfar vistgerðir á landsvísu og því mikilvægt að fylgst sé með hvort framkvæmdin geti haft áhrif á vistgerðina. Áhrifasvæði á fugla er líklegast enn stærra heldur en áætlað er, skoða þarf nærliggjandi lykilsvæði vaðfugla í tengslum við möguleg áhrif.

Lög um vernd Breiðafjarðar gilda um viðkomandi svæði sem þegar hefur verið raskað verulega með Gilsfjarðarbrú og því þarf að koma í veg fyrir frekari neikvæð áhrif á náttúru svæðisins. Leita þarf áhlits Breiðafjarðarnefndar um rannsóknirnar. Minnt er á að Breiðafjörur er helsta búsvæði hafarnar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að framangreint rannsóknaleyfi verð veitt en ítrekar að tryggja þarf að ekki verði frekari neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins hvort sem um er að ræða vistkerfi/vistgerðir eða tegundir. Rannsóknirnar og tilgangur þeirra þurfa að taka mið af framangreindu.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)